

# VEIÐIMÁLASTOFNUNIN

Arni Ísaksson:

Þalsárrannsóknir 1972-73

1973

## I. Ingangur.

Þann 7. október 1972 voru framkvæmdar rafmagnsveiðar í Dalsá í Tungufellsdal. Áin er ekki laxgeng nema að Kerlingafossi við mynni Tungufellsdalsins. Þar fyrir innan eru 6 km sem gætu e.t.v. fóstorað lax bæði í Dalsánni sjálfri og í þverá hennar Svartá.

Á eins og Dalsá eru sérstaklega vel til þess fagnar að meta sleppingar á laxaseiðum af ýmsum gerðum. Getur það að áin er það vatnslítil að auðvelt er að veiða í henni með rafgeymi. Einnig er hægt að bera saman Dalsá sem er að mestu dragá og Svartá, sem er lindá.

Sumarið 1971 var sleppt í ána sumaröldum seiðum af Dalsárstofni, sem alin höfðu verið upp í Eldisstöðinni í Kollafirði. Vorið 1972 var sleppt kviðpokaseiðum í ána. Mjög hafði verið æskilegt að engum öðrum seiðum hefði verið sleppt í ána á því ári en þá hefði verið hægt að meta kviðpokaseiðasleppinguna. Æskilegt væri að aðeins væru sett í ána kviðpokaseiði 1973. Sumaralin seiði voru sett í ána seinni part sumars 1972.

Vegna þessarar sleppingar á sumaröldum seiðum 1972 er ekki hægt að meta kviðpokaseiðasleppinguna um vorið því ekki er hægt að greina þessi seiði í sumdur í ánni.

Veitt var á þremur stöðum í kerfinu.

1. Dalsá (ofan við ármótin við Svartá)
2. Svartá (ofan við ármótin við Dalsá)
3. Dalsá (neðan við Kerlingafoss, hjá stóra læk)

## II. Niðurstöður.

### 1. Efri Dalsá.

- a) Stærð veiðisvæðis: 300 m<sup>2</sup>
- b) Veiðin: 9 laxaseiði
- c) Aldurflokkur: 0+= 4 (48%) I+= 5 (52%)
- d) Veiðiafköst: Ca 20%
- e) Seiði á 100 m<sup>2</sup>: 15 laxaseiði
- f) Meðallengd 0+= 49mm I+= 108 mm

## 2. Svartá.

- a) Stærð veiðisvæðis: 250 m<sup>2</sup>
- b) Veiðin: 40 laxaseiði
- c) Aldurflokkur: 0+= 25 (64%), I+= 15 (36%)
- d) Veiðiafköst: ca 30%
- e) Seiði á 100 m<sup>2</sup>: 50 laxaseiði
- f) Meðallengd: 0+= 46 mm I+= 102 mm

## 3. Dalsá (neðri)

- a) Stærð veiðisvæðis: 400 m<sup>2</sup>
- b) Veiðin: 27 laxaseiði + 23 urriðaseiði = 50 seiði
- c) Aldursflokkur 0+= 16 (60%) I+= 9 (33%) 7% eldri
- d) Veiðiafköst: ca 20%
- e) Seiði á 100 m<sup>2</sup>: 35 laxaseiði + 30 urriðaseiði = 65 seiði
- f) Meðallengd: 0+= 45 mm

## III. Túlkun niðurstaðna.

Meðallengd seiðana í Dalsá er nokkuð hærri en í Svartá en aftur á móti er seiðaframleiðsla á 100 m<sup>2</sup> ~~myð~~ hærri í Svartá. Munurinn í meðallengdinni getur hæglega verið afleiðing þéttleikans, þ.e.a.s. stærri seiði þar sem þéttleikinn er minni. Einnig getur þessi munur legið í því að Dalsáin er heldur hlýrri á sumrin heldur en Svartáin, sem er lindá.

Erfiðast er að skilja hvers vegna svo miklu færri seiði eru á 100 m<sup>2</sup> í Dalsánni. Þar eð neðri Dalsáin virðist fóstur mikinn fisk, bæði urriða og lax. Líklegasta skýringin er sú að ekki hafi verið sleppt nægilega magni í Efri-Dalsána til að meta hana og seiðin séu því mjög dreifð.

Vöxtur seiðana í báðum ánum styður þessa tilgátu þar sem hann er mun meiri heldur en búast mætti við í Laxá þar sem þéttleikinn er eðlilegur. Eftir því sem fleiri árgöngum er bættí ána má búast við að þessi mikli vaxtarhraði minnki til muna.

Þessar tilraunir með seiðasleppingar í Efri Dalsá verða því að teljast mjög jákvæðar en ástæða er til að hafa samráð veið Veiðimálastofnunina um stærð sleppiseiðanna, sleppingar-tímann og seiðamagn. Á þann hátt má tryggja bæði vísindalega og hagkvæma hlið málsins.

## Rannsóknir á Dalsá 1973

Þann 6. október 1973 var rafmagnsveitt á vatnasvæði Dalsár í Tungufellisdal. Veiddir voru 3 staðir, einn í sjálfri Dalsá fyrir ofan Kerlingafoss, annar í Svartá og þriðji í Rauða, sem er lindarlækur, sem rennur í Dalsá. Niðurstöður veiðanna eru sýndar í töflu 1.

Sjá má að heildarfjöldi laxaseiða í Dalsá sjálfri á 100m<sup>2</sup> botns er mjög góður. Magnið er mun minna í Svartá og minnst í Rauða. Tiltölulega lítið er af urriða á svæðinu, sem ekki er að undra þar sem sjóbirtingur kemst ekki upp Kerlingafoss. Svæðið ætti því að geta nýttzt tiltölulega vel fyrir lax. Eins og við er að búast er seiðafjöldinn mestur í flokki sumargamalla seiða, sem sleppt var sem kviðpokaseiði í byrjun maí 1973. Ekki verður annað sagt en að árangur af þeirri sleppingu hafi verið góður.

Vöxtur seiðanna á hinum ýmsu stöðum er sýndur í töflu 2. Meðallengd sumargamalla seiða er um 50 mm í Dalsá, heldur lægri í Svartá og mjög léleg í Rauða. Miðað við aðrar ár sem rannsakaðar hafa verið er vöxturinn í Dalsá sjálfri mjög góður. Sem dæmi má nefna að meðallengd sumargamalla laxaseiða í Laxá í Aðaldal var í sept. 1971 milli 50 og 55 mm.

Meðallengd ársgamalla laxaseiða var í þessari veiði 85mm. Á síðastliðnu ári var meðallengd ársgamalla urriða yfir 100mm, en þau seiði voru eftirstöðvar af sleppingu sumaralinnna seiða 1971. Þetta bendir til þess að þau seiði sem veiddust s.l. ár sem sumargömul hafi fyrst og fremst verið úr kviðpokasleppingum í maí 1972, enda var stærð þeirra í sept. 1972 sambærileg við stærð sumargamalla seiða á þessu ári.

Almennt verður að telja að kviðpokaseiðasleppingar í ána hafi verið mjög árangursríkar og er fyllsta ástæða til bjartsýni. Dalsá og Svartá bjóða báðar upp á nokkuð góð skilyrði en Rauða er ekki heppileg vegna sérlega lágs hitastigs.

Þéttleiki seiðanna í Dalsá bendir til þess að hæfilegu magni af seiðum hafi verið sleppt í hana vorið 1973. Samt gæti verið athyglisvert að sleppa næsta vor tvöfalt fleiri seiðum og sjá hvaða áhrif það hefur á þéttleikann.

A handwritten signature in cursive script, reading "Arni Isaksson", written in dark ink. The signature is positioned above a horizontal line.

Arni Isaksson

Tafla 1. Magn seiða í rafmagnsveiði í Dalsá 6.- 10.- 1973.

Veiðistaður	Stærð Veiðisvæðis	f j ö l d i l a x a			Fjöldi Urriða	Heildar- fjöldi <sub>2</sub> 100m	%		% Veiðni
		0+	1+	2+			Lax	Urriði	
Dalsá-Selklettur	500m <sup>2</sup>	88	16	2	106	89	94.6	5.4	25
Svartá	550m <sup>2</sup>	66	11	1	78	59	96.3	3.7	25
Rauða	100m <sup>2</sup>	34	0	0	34	45	100	0	75

Tafla 2. Meðalstarð seiða í rafveiðinni í Dalsá 6. okt. 1973

Veiðistaður	Meðallengd mm		
	0+	1+	2+
Dalsá	50	85	134 <sup>*</sup>
Svartá	47	86	126 <sup>*</sup>
Rauðá	41	-	-

<sup>\*</sup> Mjög fáir fiskar veiddir